

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

16. fundur, 15. apríl 2003

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 15. apríl 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Húsnæðismál
2. Starfið framundan
3. Önnur mál

1. Húsnæðismál

Rætt var um húsnæðismál safnsins (sbr. 15. fg., 1.1.). Málið hefur verið rætt í bæjarstjórn (11. mars) og héraðsskjalavörður gert bæjarráði grein fyrir málefnum safnsins að þess ósk (10. apríl). Í framhaldi af því hefur verið gerður leigusamningur milli Þorra hf. annars vegar og bæjaryfirvalda og Héraðsskjalasafns hins vegar um leigu á salnum í núverandi húsnæði safnsins til þess að unnt sé að bjóða þar upp á lestrar- og vinnuáðstöðu eins og safninu ber. Tekur sá samningur gildi 1. maí.

2. Starfið framundan.

- a) Með bréfi dags. 14. apríl hefur Þjóðskjalasafn boðað héraðsskjalaverði til fundar í safninu 19.-20. maí. Þar verður m.a. rætt um norræna skjaladaginn 2003, veittar leiðbeiningar um eftirlit með skjalasöfnum embætta og rætt um þau mál og haldið námskeið í notkun "File Maker".
- b) Lagt var fram bréf þjóðskjalavarðar til héraðsskjalasafna, dags. 26. mars, með boði og hvatningu til starfsfólks héraðsskjalasafna um að sækja 20. Norræna skjalavarðabþingið sem haldið verður í Reykjavík 6.-10. ágúst í sumar. Bréfinu fylgdi dagskrá þingsins og frekari upplýsingar um það.
- c) Lagðar voru fram fundargerðir og önnur gögn um norrænan skjaladag sem í ár verður haldinn 8. nóv. Gerð var grein fyrir þeim hugmyndum sem uppi eru um

"þema" dagsins að þessu sinni, en héraðsskjalasöfn eru hvött til þess að sinna deginum með sýningu eða vekja á annan hátt athygli á gögnum sem til eru í söfnunum og tengjast því efni sem fyrir valinu verður. Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs telur því metnaðarmál að eiga hlut að skjaladeginum með þeim hætti sem henta þykir og felur skjalaverði að vinna að því eftir föngum.

- d) Rætt var um að orlofstímabilið hæfist 15. maí og þyrfti af þeim sökum að ráða starfsmann til afleysinga (sbr. 15. fg., 2.l.).
- e) Skjalaverði var falið að setja reglur um notkun lestrarsalar og afgreiðslutíma þar þegar farið verður að nota salinn, en ljóst virtist að sú notkun verði eitthvað takmörkuð í fyrstu, sbr d-lið þessarar fg. og fyrri umræður um starfsmannamál.

3. Önnur mál.

- a) Héraðsskjalaverði var falið að ganga frá ýmsum smærri málum sem áður hafa verið rædd áður en kemur að sumarleyfum.
- b) Gert er ráð fyrir næsta fundi um eða upp úr miðjum maí.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 18.20.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður